

FRÉTTIR

Frumvarp viðskiptaráðherra um váttryggingarsamninga

Heimild til að afla persónuupplýsinga takmörkuð

SÉRSTAKAR reglur verða settar um upplýsingagjöf váttryggingartaka við töku váttrygginga og heimildir váttryggingarfélaga til þess að afla upplýsinga í tengslum við persónuupplýsingar verða takmarkaðar frá því sem verið hefur, samkvæmt nýju frumvarpi til laga um váttryggingarsamninga, sem Valgerður Svverrisdóttir viðskiptaráðherra kynnti á ríkisstjórnarfundum í gær.

Samkvæmt upplýsingum viðskiptaráðuneytisins eru þessi ákvæði nýmæli í íslenskum váttryggingarétti en þau tengist mjög umræðu sem verið hefur hin seinustu ár um hagnýtingu upplýsinga, m.a. úr gagnagrunnum um heilsufar fólks.

Frumvarpið var samið af nefnd sem skipuð var 1999. Kveður það í ýmsum atriðum á um aukna neytendavernd og er m.a. skerpt á ákvæðum um upplýsingaskyldu váttryggingarfélaga gagnvart váttryggingartaka, við gerð váttryggingarsamninga, meðan samningur gildir og í uppgjöri bóta. Sambærileg ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum.

Valgerður segir að um mikilvægt

og stórt lagafrumvarp sé að ræða og mikil vinna hafi farið fram við undirbúning þess og gerð. Það feli í sér töluverðar breytingar á lagaumhverfi váttryggingarsamninga og breytta hugsun þar sem frumvarpið byggist á neytendavernd.

Frumvarpið kveður einnig á um að verkswið úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum verði útvíkkað og eiga möguleikar neytenda til þess að fá skjóta og ódýra úrlausn ágreiningsefna sinna að stórukast verði frumvarpið að lögum, að mati höfunda frumvarpsins.

Í frumvarpinu eru einnig ákvæði um ábyrgðartakmarkanir og varúðarreglur, svo og um uppgjör bóta. Valgerður segir að reikna megi með að breytingarnar gætu haft í för með sér kostnaðarauka fyrir váttryggingarfélög. Ekki hefur þó verið lagt mat á hversu mikill sá kostnaðarauki verður. Talið er ljóst að tryggingarfélögin muni þurfa að breyta upplýsingakerfum sínum og endurskoða skilmála váttrygginga.

Valgerður stefnir á því að frumvarpið verði afgreitt á vörþinginu.



Morgunblaðið/Sverrir

Tómas Ingi Olrich menntamálaráðherra og Ólafur Proppé, rektor KHÍ, ræðast við í nýbyggingu skólans í gær.

Nýtt húsnæði KHÍ tekið í notkun

NÝBYGGING Kennaraháskóla Íslands á Rauðarárholti, Hamar, var tekin formlega í notkun í gær að viðstöddum menntamálaráðherra, starfslíði skólans og öðrum gestum.

Hér er um að ræða fyrsta húsið af fimm nýjum byggingum sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi svæðisins frá 1996.

Nýja húsið er svokölluð Menntasmiðja skólans og sam-

inar bókasafn og gagnasmiðju og er kjarninn í stoðþjónustu hans. Í húsinu eru rúmgóðir fyrirlestrasalir, vel búnaðar kennslustofur og lessalur fyrir nemendur.

Í kynningarriti sem gefið var út um nýbyggingu Kennaraháskólans segir að við hönnun hennar hafi áhersla verið lögð á góð tengsl við eldri byggingar og að lengd hússins og breidd stökkanna tveggja, sem myndi aðra og þriðju

hæð svári til lengdar og breiddar eldri byggingar.

Húsið opið í dag

Grönn form og langar línur, björt sjónsteypa og koparslegnir fyrirspjeli eldri bygginguna. Þá setji tekk og flísar svip á húsið og gler leiki óvenjustórt hlutverk. Húsið verður til sýnis fyrir almenning í dag milli klukkan 13 og 16.

45 daga fangelsi fyrir að stela ostum

RÚMLEGA þrítugur maður var í gær dæmdur í 45 daga fangelsi fyrir að stela sjö oststykki í verslun 10–11 við Austurstræti í Reykjavík í ágúst í sumar. Verðmætið var 3.683 krónur. Maðurinn var stöðvaður á leið út úr versluninni með ostinn í plastpoka, eftir að hafa gengið framhjá afgreiðslukössum án þess að bjóða borgun. Játæði hann á sig þjófnæðinn bæði við lögreglu og

öryggisverði verslunarinnar. Þar hann því við að hafa ætlað að selja ostinn á hálfviri í Kolaportinu og afla sér þannig fjár fyrir valúum. Maðurinn á að baki langan sakarferil og hefur m.a. hlotið 13 dóma fyrir þjófnæð og tilraun til þjófnæðar, síðast í apríl í fyrra var hann dæmdur í 30 daga fangelsi. Við ákvörðun refsingar nú var þó til þess litið að verðmæti ostanna þótti lítið.

Starfsfólk Listasafns Reykjavíkur mætir fordómum vegna íslamskrar listasýningar

Kvartað yfir bænakalli tengdu sýningunni

BÆNAKALL múslíma sem leikið er fyrir utan Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsinu í tengslum við sýningu í safninu hefur farið fyrir brjóstið á nokkrum vegfarendum sem hafa látið starfsfólk safnsins hafa það óþvegið.

„Mikill meirihluti sem hefur tjáð sig við okkur um bænakallið sem við spilum fyrir utan safnið þrisvar á dag hefur verið undrandi og forvitinn og spurt hvað sé um að vera. Þetta hefur því þjónað þeim tilgangi að kynna sýninguna. En því miður hefur í undantekningartilvikum gerst að fólk hefur tekið þessu illa og þá látið ýmsa fordóma og ókurteisi dýnja á afgreiðslufólki,“ segir Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur. Sýningin sem hann talar um kallast Milli godsagnar og veruleika þar sem dregin er upp mynd af stöðu nútímalistar í arabaheiminum með

úrvali verka eftir listamenn frá fjölmörgum arabalöndum. „Við höfum reynt að segja fólk að tilgangurinn sé ekki að móðga eða særa neinn heldur að gefa fólk færi á að kynna öðrum hliðum þess þjóðlífs sem er að finna í arabalöndunum,“ segir Eiríkur um viðbrögð safnsins við kvörtunum. „Við höfum hvatt fólk til að reyna að takast á við eigin fordóma og sýna þolinmæði. Fólk hefur verið að bysnast yfir hversu framandi þetta sé og spyr hvaða erindi þetta eigi hér á landi. Þessi tilfelli eru fá en verða alltaf áberandi fyrir það hvað þau eru hvöss og hastarleg og því miður lenda þau á röngum aðilum.“

Eiríkur segir að ekki hafi komið til tals að leggja niður bænaköllin vegna kvartananna. „Það væri ótrúleg þröngsýni ef Íslendingar gætu ekki þolað það að kynna öðrum menningarheimum með jafn-

saklausum hætti og þarna er.“

Á sýningunni eru annars vegar verk sem tengjast trúarbrögðum, kynferði og pólitík. Hins vegar getur að líta afturhvarf til hefðarinnar sem dregur listamennina að sagnfræðilegum og trúarlegum uppruna sínum.

Eiríkur segir sýningunni almennt hafa verið tekið mjög vel. „Ég held að það sé mjög forvitnilegt fyrir Íslendinga einmitt á þessum tíma að átta sig á að í arabalöndunum þrífst mikið og fjölbreytt menningarlíf og hefur gert í mun fleiri aldir en Ísland hefur verið byggt. Sú mynd sem við höfum af þessum heimi nú um stundir er fyrst og fremst lituð af pólitískum fréttum óeirða og stríða sem er ekki sú mynd sem blasir við meginþorra almennings í löndunum. Tilgangurinn með sýningunni er því að varpa ljósi á mannlíf og menninguna.“

TÍMAMÓTAVERK

FYRSTA ÍSLENSKA HUGTAKAORÐABÓKIN

METSÖLULISTI MORGUNBLAÐSINS almennt efni 5. desember

4 SÆTI

„Einstætt verk og ómetanlegt framlag til íslenskrar tungu...“
ómíssandi hverjum Íslendingi sem vill hafa á valdi sínu sígild hugtök íslenskunnar, koma vel fyrir sig orði, vanda mál sitt og auðga.“
Vigdís Finnbogadóttir

„Frábær bók fyrir forvitna.“
Síla Aðalsteinsdóttir / DV

„Geysimikið þarfapung. Ég sé fram á að nota hana mikið.“
Hermann Stefánsson / KISTAN.IS

„...bráðnaðsýnleg öllum sem vinna með texta: Hún er dýrmæt skáldinu sem sækir björg sína í heim orðanna, nemandanum sem fálmar eftir leið til að leysa lítið ritgerðarverkefni, kennaranum sem vill vera góð fyrirmynd nemenda sinna, stjórnmalamaninum sem reynir af alefli að heilla kjósendur með lipurri tungu sinni, almúgamanninum sem langar til að skrifa eilítið öðruvísi jólakort...“
BAGGALÚTUR.IS

Orða heimur
ÍSLENSK HUGTAKA-ORÐABÓK
með orðum og skilgreiningum

2. PRENTUN VÆNTANLEG

JPU
JPU ÚTGÁFA
Bræðraborgarstígur 7
Sími 575 5600

Sofnaði undir stýri og ók út í sjó

„ÞAD er nú ekki mikið að segja frá. Ég sofnaði nú bara undir stýri,“ segir Halldór Már Þórisson þegar Morgunblaðið hafði tal af honum í gær en hann ók jeppa sem fór út af veginum um Fellabök í Steingrímsfirði og hafnaði úti í sjó á fimmtudag.

Halldór er söluumaður hjá Wurth á Íslandi og lagði upp í söluferð frá heimili sínu í Súðavík um klukkan sex um morguninn.

„Ég var þreyttur og búinn að stoppa nokkrum sinnum á leiðinni. Það voru ekki nema 10 mínútur síðan ég stoppaði síðast og fór út og víraði mig,“ segir Halldór. Hann vaknaði þegar

bíllinn fór út í grófa mól í vegkantinum en þá var orðið of seint að koma í veg fyrir að hann færi út af. Bíllinn fór niður þriggja metra háan kant, yfir stórgrýti og stöðvaðist úti í sjó. Jeppinn hélst á réttum kili en fór að halla mikið til vinstri eftir að hann stöðvaðist. Halldór losaði þá bílbeltið, opnaði hurðina farþegamegin og klöngraðist út. Bíllinn hallaði þá svo mikið að Halldór gat stigið á drifskafthið og hoppað í land.

Slapp ómeiddur en blautur í land

Halldór var algjörlega ómeiddur en blautur í fæturna. Rafkerfi

jeppans þóldi sjóbaðið ekki eins vel því flautan fór á fullt og ljós kviknaði á kösturunum framan á jeppanum. Jeppinn gat því varla farið fram hjá vegfaranda sem kom aðvifandi og ók hann Halldóri til Hólmavíkur. Sjórinn var að flæða að þegar jeppinn fór í sjóinn og tveimur tímum síðar, þegar dráttarbíll kom á staðinn, þegar jeppinn orðinn hálffullur af sjó. Halldór segir að þrátt fyrir að ekki séu miklar skemmdir sjáanlegar á jeppanum sé hann ónýtur enda þoli rafkerfi bílsins ekki að vera á kafi í sjó.

Tryggingarnar munu þó væntanlega bæta tjónið enda var bíllinn kaskó-tryggður.